

**Nd.**

**465. Frumvarp til laga**

[223. mál]

um hámark útlánsvaxta.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Halldór E. Sigurðsson, Ingvar Gíslason.

1. gr.

Frá og með 1. maí 1963 mega útlánsvextir ekki vera hærri en þeir voru 1. janúar 1960.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Útlánsvextir eru miklu hærri hér á landi en í öðrum nálægum löndum. Þetta veldur þeim atvinnugreinum, sem þarfnast lánsfjár, þungum búsigjum og eykur dýrtíð og verðbólgu. Hinir háu vextir eru og sérstaklega þunghærir efnalítlu fólki, sem hefur ráðizt í það að eignast eigið húsnæði.

Að undanfögnu hafa samtök ýmissa framleiðenda krafizt vaxtalækkunar. Á aukafundi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, sem haldinn var 18. jan. s. l., var samþykkt tillaga, þar sem krafizt var, að „vextir á afurðalánum sjávarútvegsins lækki, þannig að 7% vextir þriggja fyrstu mánaðanna lækki í 5% og 7—7½% vextir í 5½%“. Á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna, sem var haldinn 28.—31. jan. s. l., var skorað á ríkisstjórnina „að hlutast til um það við stjórn Seðlabankans, að vextir af I. veðréttar lánum, sem veitt eru út á afurðir til útflutnings, verði lækkaðir í 5% og 5½% eða í það sama og þeir voru fyrir febrúar 1960“.

Þá hafa samtök framleiðenda hvað eftir annað krafizt hliðstæðrar lækkunar á stofnlánum.

Ef vextir á byggingarlánum væru færðir í sama horf og þeir voru fyrir 1. jan. 1960, mundi það í mörgum tilfellum jafngilda 5—10% kauphækkun hjá þeim, sem eru láglaunaðir.

Af þeim ástæðum, sem hér greinir, er lagt til, að það verði lögfest, að útlánsvextir megi ekki vera hærri en þeir voru 1. jan. 1960.